

Samningur um verkefnið Brothættar byggðir í Dalabyggð

„Brothættar byggðir í Dalabyggð“¹

Samningur þessi byggir á Byggðaáætlun 2018-2024, lið C.2. Brothætt byggðarlög, en þar segir:

C. Sjálfbær þróun byggða um land allt.

C.2 Brothætt byggðarlög.

Verkefnismarkmið: Að sporna við viðvarandi fólksfækkun í smærri byggðakjörnum.

Haldið verði áfram með verkefnið „Brothættar byggðir“ þar sem leitað er lausna á bráðum vanda á tilteknum svæðum vegna fólksfækkunar og erfiðleika í atvinnulífi undangengin ár. Árangur af verkefninu verði mældur með íbúapróun í viðkomandi byggðum og öðrum mælikvörðum sem Byggðastofnun skilgreinir.

Ábyrgð: Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti.

Framkvæmdaraðili: Byggðastofnun.

Dæmi um samstarfsaðila: Íbúar viðkomandi byggðarlaga, sveitarfélög, landshlutasamtök sveitarfélaga, ráðuneyti og stofnanir.

Tímabil: 2018–2024.

Tillaga að fjármögnun: 700 millj. kr. úr byggðaáætlun.

Samningurinn byggir þannig á úthlutun fjármuna til verkefnisins Brothættra byggða í fjárlögum hvers árs og gildandi byggðaáætlun á samningstímabilinu.

1. gr. Staða samnings gagnvart öðrum samningum

Samningur þessi er viðaukasamningur við samning á milli Byggðastofnunar og Samtaka Sveitarfélaga á Vesturlandi, *Samning um verkefni Brothættra byggða á Vesturlandi*, dags. xx.xx.2022, hér eftir nefndur *grunnsamningur*.

2. gr. Samningsaðilar

Byggðastofnun, kt. 450679-0389, með vísan til ofangreindra heimilda, Dalabyggð, kt. 510694-2019 og Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi (í samningnum skammstafað SSV), kt. 610673-0239, gera með sér svofelldan samning um framkvæmd verkefnisins „Brothættar byggðir í Dalabyggð“ (verkefnið hefur ekki hlotið heiti), sem er hluti verkefnis Byggðastofnunar um stuðning við brothættar byggðir samkvæmt byggðaáætlun.

3. gr. Markmið samnings

¹ Vinnuheiti verkefnis þar til íbúar hafa valið því heiti.

Samningnum er ætlað að tryggja markvissa vinnu að framfaramálum byggðarlagsins í samræmi við áherslur sem kunna að koma fram á íbúðing, stefnumótun fyrir verkefnið í byggðarlaginu, svo og öðrum mikilvægum málefnum sem upp kunna að koma á gildistíma samningsins. Í verkefninu munu samningsaðilar sérstaklega vinna að því að virkja frumkvæði íbúa og annarra hagsmunaaðila sem tengjast byggðarlaginu. Meðal annars og ekki síst er verkefninu ætlað að hvetja íbúa, svo og fyrirtæki, til að nýta sér kosti þess stoðkerfis sem rekið er af hálfu ríkis og sveitarfélaga. Á samningstímanum verði unnið samkvæmt almennum verklagi fyrir verkefnið Brothættar byggðir sem lýst er í verkefnislýsingu á vef stofnunarinnar ([Verkefnislýsing | Byggðastofnun \(byggdastofnun.is\)](#)). Í því felst meðal annars að í lok hvers árs er árangur verkefnisins metinn og virk aðkoma íbúa tryggð, svo sem eins og með íbúafundi. Enn fremur skulu samningsaðilar fara yfir stöðuna og er þá meðal annars tekin afstaða til þess hvort verkefnið stenst væntingar og hvort halda á því áfram út samningstímann.

4. gr. Framlag samningsaðila

Byggðastofnun er aðili að verkefninu og skipar fulltrúa í verkefnisstjórn en leggur auk þess fjármuni til starfsins samkvæmt grunnsamningi og er þeim fjármunum ætlað að nýtast til verkefnisstjórnunar fyrir verkefnið og til stuðnings við frumkvæðisverkefni (til styrkja) eftir því sem fjárheimildir verkefnisins Brothættar byggða leyfa hverju sinni. Stofnunin greiðir enn fremur fyrir störf ráðgjafa og veitingar vegna íbúðings í upphafi verkefnisins.

SSV er aðili að verkefninu og skipar (1 eða 2 ?) fulltrúa í verkefnisstjórn. Enn fremur aðstoðar SSV við einstök verkefni eftir því sem þörf er á og samningar um stofnunina, svo sem varðandi atvinnuráðgjöf, gera ráð fyrir. Ekki síst mun SSV aðstoða þáttökubyggðarlag við að nýta möguleika almenns stoðkerfis svo sem Uppbyggingasjóðs og Byggðaáætlunar. Gert er ráð fyrir að SSV ráði verkefnisstjóra í 100% starfshlutfalli til að sinna verkefnum Brothættra byggða á Vesturlandi, að höfðu samráði við forsvarsmenn sveitarfélaga þáttökubyggðarlaga.

Dalabyggð skipar einn? fulltrúa í verkefnisstjórn. Sveitarfélagið greiðir kostnað og sér um auglýsingar svo og framkvæmd verkefnisstjórnarfunda og íbúafunda/íbúðinga sem haldin eru heima í héraði að frátöldum kostnaði við sérfræðing og veitingar á íbúðing í upphafi verkefnis sbr. 1. málsgrein 4. greinar. Dalabyggð leggur verkefnisstjóra til starfsaðstöðu eins og þörf krefur vegna viðveru í Dalabyggð, í samráði við SSV. Gert er ráð fyrir að Dalabyggð leiði verkefnið og haldi utan um markmið þess með sambærilegum hætti í að minnsta kosti eitt ár eftir að fjármögnun Byggðastofnunar lýkur sbr. 8. grein samningsins.

Dalabyggð greiðir fulltrúum íbúa fyrir setu á fundum verkefnisstjórnar skv. launaviðmiðum fyrir nefndarstörf í þágu sveitarfélagsins.

5. gr. Verkefnisstjórn

Samkvæmt samningi þessum verður áfram sitjandi verkefnisstjórn fyrir verkefnið, skipuð fulltrúum frá eftirfarandi aðilum: Byggðastofnun (2), Dalabyggð (1 ?) og SSV (1 eða 2?) og íbúum Dalabyggðar (2). Í verkefnislýsingu fyrir Brothættar byggðir er gert ráð fyrir að fulltrúi Byggðastofnunar veiti verkefnisstjórn forstöðu í fyrstu tveimur áföngum verkefnisins en fulltrúi Dalabyggðar frá þeim tíma er þriðji áfangi verkefnisins hefst formlega.

Verkefnisstjórn fundar reglulega, að lágmarki sex sinnum á ári og stuðlar þannig samfellu í verkefninu og nægilegan stuðning við framkvæmda- og hagsmunaaðila þess. Gert er ráð fyrir að hluti funda fari fram í fjarfundi/síma en þó verði að lágmarki einn fundur á ári þar sem verkefnisstjórn kemur saman og þá gjarnan í byggðarlaginu. Verkefnisstjórn tekur ákvörðun um þau atriði er hún telur mikilvæg í umgjörð starfsins.

Starf í verkefnisstjórn er ekki launað af hálfu verkefnisins. Samningsaðilar standa straum af kostnaði vegna sinna fulltrúa í verkefnisstjórn.

6. gr. Verkefnisstjóri

Svo sem fram kemur í 4. grein mun SSV ráða verkefnisstjóra í fullt starf að höfðu samráði við Byggðastofnun og þátttökubbyggðarlag. Verkefnisstjóri getur á samningstímanum sinnt allt að tveimur þátttökubbyggðarlögum í verkefninu um Brothættar byggðir á Vesturlandi samkvæmt grunnsamningi. Vinna verkefnisstjóra fyrir verkefnið „Brothættar byggðir í Dalabyggð“ er háð framvindu verkefnisins og fjárheimildum. Verkefnisstjóra er ætlað að vinna að stefnumótun og verkefnisáætlun, sinna daglegri umsýslu, hafa yfirsýn, gera áætlanir og vinna í samstarfi við þátttakendur að framvindu verkefna. Hann skal einnig vinna að gerð samantekta um stöðu verkefna, boðun og undirbúning funda, gerð kynningarefnis og annarra verka sem verkefnisstjórn kann að fela honum hverju sinni. Verkefnisstjóri verður með starfsstöð í Dalabyggð. Verkefnisstjóri skal fljótlega eftir ráðningu sækja námskeið/kynningarfund um verklag Brothættra byggða, enda verði það skipulagt af Byggðastofnun í tengslum við verkefnið.

7. gr. Upplýsingar, samskipti og eftirlit vegna fjármála

Verkefnisstjórn fer með ákvörðunarvald varðandi ráðstöfun þeirra fjármuna sem verkefninu „Brothættar byggðir í Dalabyggð“ verður úthlutað. Rekstrarframlög vegna verkefnisstjóra samkvæmt grunnsamningi eru hér undanskilin. Ráðstöfun fjármuna skal vera í samræmi við lög og reglur, þar með talið reglur sem Byggðastofnun hefur sett um styrki í Brothættum byggðum. Skila skal endurskoðuðu fjárhagsuppgjöri og starfsskýrslu til Byggðastofnunar á sama tíma og almenn reikningsskil SSV fara fram vegna liðins árs. Umsýsla vegna styrkjamála skal vera hjá verkefnisstjórn og verkefnisstjóra og SSV annast umsýslu styrkfjármuna samkvæmt *samningi um umsýslu verkefnatengdra fjármuna í Brothættum byggðum á Vesturlandi* á milli Byggðastofnunar og SSV dags. **XX. janúar 2022**. Verkefnisstjórn getur enn fremur á hverjum tíma óskað eftir fjárhagslegu yfirliti með hæfilegum fyrirvara.

8. gr. Gildistími samnings

Gert er ráð fyrir að verkefnið standi í fjögur ár frá og með undirskrift samnings, það er til 31. desember 2025, þó háð framlögum á fjárlögum hvers árs og jákvæðri niðurstöðu um árlegt mat á framvindu verkefnis samanber 3. grein þessa samnings. Unnið verði með markvissum hætti síðasta árið að því að gera verkefni sjálfstæð og óháð aðkomu Byggðastofnunar/átaksverkefninu undir hatti Brothættra byggða. Með þessu verði tryggt að áfram verði unnið að einstökum verkefnum undir forystu Dalabyggðar þrátt fyrir formleg lok fjármögnunar Byggðastofnunar í verkefninu Brothættar byggðir í Dalabyggð.

Staður, dags. _____

f.h. Byggðastofnunar

f.h. Dalabyggðar

f.h. Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi